



Reykjavík, 6. mars 2024

VEL23110023

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um opnunartíma neyðarskýla Reykjavíkurborgar**

Þann 15. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um gisti- og neyðarskýli Reykjavíkurborgar:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um framtíðarsýn gistiskýla Reykjavíkur. Gisti- og neyðarskýli borgarinnar eru yfirfull og óvissa er mikil í kringum þau. Nú er vetur genginn í garð og allra veðra von. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig gistiskýlin eru undir það búin að taka við fjölgun fólks, mögulega víðsvegar að? Hvernig verður opnunartíma neyðarskýla háttað í vetur?*

#### **Svar:**

Eins og fram kemur í fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins frá því í nóvember 2023 voru áhyggjur af því hvernig neyðarskýlin gætu mætt aukinni aðsókn, sér í lagi þar sem vetur var framundan.

Á fundi velferðarráðs þann 18. október 2023 var lagt fram minnisblað um vetraráætlun í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi tillögu:

*Velferðarráð felur velferðarsviði að útfæra tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir sem yrði opið í desember 2023 – febrúar 2024. Reynsla af þessari opnun yrði tekin saman til að nýta í áframhaldandi þróun úrræða fyrir þennan hóp fólks.*

Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember 2023 var svohljóðandi tillaga sviðsstjóra samþykkt:

*Lagt er til að gengið verði til samstarfs við Samhjálp sem lið í vetraráætlun um opnun neyðarskýla. Kaffistofa Samhjálpar verði opin fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir frá kl. 14:00-16:30 alla daga í desember 2023 og janúar og febrúar 2024. Ennfremur er lagt til að Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði boðin aðild að vetraropnuninni gegn hlutdeild í kostnaði. Áætlaður heildarkostnaður vegna þriggja mánaða vetraropnunar er 5,2 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.*

Í kjölfarið gengu fimm sveitarfélög (Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes) auk Reykjavíkur til samninga við Samhjálp um að lengja opnunartíma



**Reykjavík**



Kaffistofunnar á tímabilinu 1. desember 2023 til 29. febrúar 2024, frá 14:30 til 16:30 alla daga vikunnar. Markmiðið er að tryggja að heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir hafi öruggt athvarf yfir köldustu mánuðina. Samningurinn hefur nú verið framlengdur til loka mars 2024.


Samkvæmt upplýsingum Vesturmiðstöðvar hefur lengdur opnunartími Kaffistofunnar mælst vel fyrir hjá notendahópnum og ríkir almenn ánægja með framlengingu opnunartímans út marsmánuð.

Neyðarskýli Reykjavíkurborgar eru opin alla daga frá kl. 17:00 til kl. 10 næsta dag. Á myndum 1-3 sést nýtingin í neyðarskýlunum árið 2023 og tvo fyrstu mánuði ársins 2024.

Sjá má að nýtingin í Konukoti hefur farið lækkandi frá ágúst 2023 og hefur haldið áfram fyrstu tvo mánuði ársins 2024. Í neyðarskýlum fyrir karla var umframnýting allt síðasta ár en nýtingin lækkaði í febrúar 2024. Í Grandagarði sem er neyðarskýli fyrir unga karla lækkaði nýtingin í febrúar sl. en annars var umframnýting allt síðasta ár. Sömu sögu má segja af neyðarskýlinu á Lindargötu en þar var umframnýting allt síðasta ár en fór lítillega niður í febrúar sl.

Konukot


● 2023 ● 2024






### Grandagarður

● 2023 ● 2024



### Lindargata

● 2023 ● 2024



Í neyðarskýlinu á Granda eru rúm fyrir 15 einstaklinga og á Lindargötu fyrir 24. Það er því ljóst að neyðarskýlin eru á tímabilum ekki vel í stakk búin til að taka á móti þeim hópi sem leitar eftir næturgistingu, m.a. út frá rúmafjölda og mönnun. Einstaklingum með miklar og flóknar þjónustuparfir er ekki vísað frá skýlunum þegar fjöldinn fer yfir rúmafjölda, heldur reynt að koma fólki fyrir á eins þægilegan hátt og unnt er.



Reykjavík